



Bankasýsla ríkisins  
Borgartúni 3  
105 Reykjavík

## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 20. mars 2020  
Tilv.: FJR20030050/6.2

Efni: Arðgreiðslur fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins

Í eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki sem Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með, kemur fram að fjármálafyrirtækjunum ber að hámarka langtímavirði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu. Ennfremur segir að tryggja þarf að þau skili viðunandi arði til hluthafa að teknu tilliti til markaðsaðstæðna, auk þess að arðsemi skuli byggjast á varkárnum langtímasjónarmiðum en ekki skammvinnnum ávinningi. Loks skal starfsemi fjármálafyrirtækjanna byggjast á markvissri stefnu og hagkvæmum rekstri sem skilar ávinningi til viðskiptavina og samfélagsins til lengri tíma.

Á grunni fyrrgreindrar eigendastefnu setur Bankasýslan fram, eftir atvikum, formlega eða óformlega arðsemiskröfu á eigin fé þessara fyrirtækja. Í samræmi við þessi tilmæli gera stjórnir þessara fjármálafyrirtækja áætlanir um arðgreiðslur til lengri tíma og árlega tillögur um arðgreiðslur sem lagðar eru fyrir hluthafafundi.


Í ljósi þeirra aðstæðna sem leiða af heimsfaraldri COVID-19 og með vísan til fyrrgreindra ákvæða eigendastefnu er mikilvægt að Bankasýsla ríkisins og stjórnir banka horfi til inntaks fyrrgreindra ákvæða um arðsemi og arðgreiðslur, þ.e. um markaðsaðstæður, langtímavirði, fremur en skammvinnis ávinnings og samfélagslegs ávinnings við gerð tillagna um arðgreiðslur á árinu 2020.

Það er með vísan til fyrrgreindra þátta og með hliðsjón af viðbrögðum markaðsaðila undanfarið, að lagt er til við Bankasýslu ríkisins að horft verði framhjá kröfum um ávöxtun og arðgreiðslur á árinu 2020 og að þessum skilaboðum verði komið áfram til stjórnna fjármálafyrirtækjanna.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurður H. Helgason



Jón Gunnar Vilhelmsson